



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-01811/AIG-15**

Dags: **7. ágúst 2011**

Staður: **Við Miklavatn í Fljótum**

Lýsing: **Lenti of skammt**

Einkaflugmaður á flugvélinni TF-LDS (Dornier 27) ásamt tveimur farþegum fór frá Reykjavík til Reykjafjarðar nyrðri og þaðan til Blönduóss þar sem flugvélin var fyllt af eldsneyti. Frá Blönduósi var flogið til Miklavatns í Fljótum þar sem flugmaðurinn hugðist lenda þriggja punkta landingu á landingarstað til austurs. Hægur vindur var að mati flugmannsins og gerði hann langt aðflug að landingarstaðnum. Þegar flugvélin var í þann mund að ná inn á landingarstaðinn rakst hjólabúnaður hennar í bakka sem er fyrir framan flugbrautina með þeim afleiðingum að hjólabúnaðurinn gaf sig. Flugvélin hafnaði inn á landingarstaðnum og sakaði flugmanninn ekki né farþegana.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. október 2013.